

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 160 29. nóvember 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 89 4. júní 1963.

## 1. gr.

Í stað „225“ í 1. málsgrein 1. gr. reglugerðarinnar, eins og henni er breytt með reglugerð nr. 89 4. júní 1963, komi: 250.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 1. gr. reglugerðar nr. 89 4. júní 1963.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 40 29. maí 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 24. maí 1965.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

fyrir bændaskólana á Hólum og Hvanneyri og fyrir framhaldsnám í búfræði á Hvanneyri.

## A. BÚFRÆÐINÁM

## I. KAFLI

**Hlutverk bændaskólanna, skipulag og stjórn þeirra.**

## 1. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bændaeftum hagnýta þekkingu í búrekstri.

## 2. gr.

Á skólajörðunum skulu rekin kennslu- og tilraunabú. Þar verði gerðar tilraunir og athuganir í jarðrækt, búfjárrækt, gerð og skipulagi peningshúsa og véltækni. Tilraunirnar skulu gerðar í samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

## 3. gr.

Skólarnir heyra undir landbúnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðherra hefur í hendi yfirstjórn þeirra og skólabúanna.

## 4. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögum skólastjóra bændaskólanna, ákveðið verkaskiptingu milli skólanna í einstökum greinum, svo og ákveðið um eitt ár í senn, að einungis önnur deild þeirra starfi.